

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi.

1. gr.

Núverandi bráðabirgðaákvæði verður bráðabirgðaákvæði I.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt bráðabirgðaákvæði sem verður bráðabirgðaákvæði II svohljóðandi:  
Matvælastofnun er heimilt að breyta eldistegundum í fiskeldi í gildandi rekstrarleyfum fram til 31. desember 2015. Þó er óheimilt að breyta eldistegund gildandi rekstrarleyfis í rekstrarleyfi til laxeldis. Skilyrði fyrir afgreiðslu Matvælastofnunar á slíkri umsókn er að rekstrarleyfishafi sýni fram á að rekstur hans hafi verið slysalaus síðastliðin fimm ár eða frá því að rekstur hófst.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 71/2008, um fiskeldi, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. júlí 2015.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*